

um fiskileit og fiskirannsóknir í Húnaflóa.

Flm.: Steingrímur Pálsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara vísindalega fiskileit og nákvæmar fiskirannsóknir í Húnaflóa undir stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands. Rannsóknir þessar skulu miða að leit nýrra fiskimiða, könnun á því, hvers konar fiskveiðar væru hagkvæmastar og hvaða stærð fiskiskipa hentaði best á þessum slóðum. Þá verði einnig rannsakað, hvort hagkvæmt gæti verið að koma upp fiskrækt eða fiskuppeldi í Húnaflóa.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en náði ekki afgreiðslu. Hún er hér endurflutt.

Með hverju ári sem líður verður mönnum það ljósara, að stærra og samstilltara átak verður að gera til að byggja upp atvinnulíf þjóðarinnar, sem tryggi meiri fjölbreytni í framleiðsluáttum og skapi fulla nýtingu atvinnutækja þjóðarinnar. Það dylst engum, að vísindalegar fiskirannsóknir eru þýðingarmikill þáttur í þessari þróun. Með sívaxandi sókn á þekkt fiskimið er nauðsynlegt að leita að nýjum miðum, því að sjávarútvegurinn mun um langa framtíð eins og hingað til verða veigamesti þátturinn í þjóðarþróun.

Það er nauðsynlegt, að nú þegar verði framkvæmd nákvæm athugun á fiskimiðum í Húnaflóa. Fyrir rúmlega 20 árum var flóinn ein af gullkistum þjóðarinnar, allir firðir fullir af fiski, og þá var blómaskeið þéttbýlismyndunar við flóann. Á þeim árum voru byggðar þar þrjár sildarverksmiðjur, við Ingólfsfjörð, í Djúpuvík og á Skagaströnd. Þegar sildin hvarf og færðist austur á bóginn, var samt mikið um annan fisk, en þróunin hefur orðið sú, að hann hefur minnkað mikið. Á undanfórnum árum hefur verið mjög mikil aflatregða í Húnaflóa.

Á svokölluðu Húnaflóasvæði búa rúmlega 5000 manns. Talið er, að um 3000 manns búi í strjálbýli og byggji afkomu sína að mestu leyti í landbúnaði. Á svæðinu eru blómlegar sveitir. En í byggðarkjörnum eða þéttbýli búa um 2000 manns, sem byggja afkomu sína á útgerð, fiskvinnslu og þjónustustörfum. Á þessu svæði er því ekki jafnvægi á milli byggðarkjarnanna og sveitanna, en orsök þess er aflatregðan í Húnaflóa á undanfórnum árum, enda má sjá í opinberum skýrslum, að meðallaunatekjur fólks í þessum sjávarþorpum eru yfirleitt lægri en annars staðar á landinu. Afleiðing minnkandi afla hefur orðið atvinnuleysi og jafnframt tilhneiging til að flytja brott til annarra staða, þar sem lífsafkoman hefur verið betri eða tryggari. Unga fólkið getur valið þessa leið, en fjölskyldufólkið ekki, því að það hefur bundið allt sitt í húseignum eða öðru á þessum stöðum, og þó að það vildi selja, eru kaupendur tæpast finnanlegir, enda er hægara sagt en gert að ganga frá eignum sínum og flytja annað með tvær hendur tómar. Þetta fólk er í sjálfheldu, en hefur lífað í þeirri von, að fiskurinn kæmi aftur og atvinnulífið yrði aftur eðlilegt, en biðin er orðin bæði löng og ströng.

Á undanfórnum árum hafa rækjuveiðar verið töluverðar og að verulegu leyti bjargað afkomu fólks á þessu svæði. En meira þarf til en rækjuveiðar og rækjuvinnslu. Því er nauðsynlegt, að nú verði gerðar af opinberri hálfu viðtækar fiskirannsóknir í Húnaflóa með það fyrir augum að kanna aðra útgerðarmöguleika frá sjávarplássum við flóann. Sjávarútvegurinn mun áfram verða aðalgrundvöllur atvinnulífsins á stöðum eins og Drangnesi, Hólmavík og Skagaströnd. Á þessum stöðum eru allgóð frystihús, hafnir og atvinnutæki og þjálfað starfsfólk í fiskvinnslu, sem gæti afkastað miklu meira framleiðslumagni en nú er, ef nægilegt hráefni væri fyrir hendi. Nú er verið að vinna að svokallaðri Norðurlandsáætlun um alhliða uppbyggingu atvinnulífsins á þessu svæði. Það er því brýn þörf á, að einmitt nú verði framkvæmdar þær rannsóknir í Húnaflóa, sem tillaga þessi fjallar um.